

vir·ðaso. *vb.-i – heyra*
[-ti]

– ég virði ákvörðun hennar

‡ • virði, virðing

þó, þó að, þóttao.

– Sigríður fer í vinnuna þó hún sé veik

‡

velao.
[betur, best]

– mér gengur vel í skólanum

‡ • jafnvel, velkominn, góður « illa

framao.
[framar, framast]

– við gengum fram og til baka

‡ • áfram, framan, framhjá, frammi, framvegis, meðfram, framhald, framtíð « aftur

foreldrarkk. *ft. – tími*

– ég bý hjá foreldrum mínum

‡ forellrar

teljaso. *vb.-0 – leggja*
[taldi]

– ég taldi fimmtán manns í boðinu

‡ • tal, ótal; tala, tölva

sýn·aso. *vb.-i – heyra*
[-di]

– viltu sýna mér nýja kjólinn þinn?

‡ • sýn, útsýni; sjón, sjónvarp

þykjaso. *vb.-ór.*
[þótti, þóttum, þótt]

– mér þykir vænt um þig

‡ þykkja

vonkvk. – *mynd*
[-ar, -ir]

– ég geri mér enga von um að fá vinning

‡ ván • vona, vonlaus » eftirvænting « vonbrigði, efi, ótti

áttkvk. – *mynd*
[-ar, -ir]

– í hvaða átt er miðbærinn?

‡ átt/ætt • átta sig » stefna

fisk·urkk. – *hestur*
[-s, -ar]

– við borðum oft fisk

‡ fiskr

mánuð·urkk. – *dalur*
[mánaðar, -ir]

– í hvaða mánuði ertu fæddur?

‡ mánuðr

visslo. – *gulur 0*
[-, -t]

– ég er viss um að það var hún

‡ • vissulega, vissa

falleg·urlo. – *gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– hún er í fallegri blússu

‡ » vænn

ákveðin·nlo. – *gulur B S*
[-, ákveðið; ákveðnari, ákveðnastur]

– hann er ákveðinn í að læra íslensku

‡ • ákveða, ákvörðun

vinn·akvk. *et. – stofa*
[-u]

– hún kemur of seint í vinnuna

‡ • vinna (so), atvinna » starfa